



Samstarfssamningur á milli Íþróttafélagsins Aspar og Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær kt: 470269-5969 og Íþróttafélagið Ösp kt: 531184-1069, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. grein

Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í Mosfellsbæ.

Íþróttafélagið Ösp skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Samhliða að leitast við að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það náð sem bestum árangri.

Mosfellsbær mun styðja við fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum.

2. grein

Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær skal greiða Íþróttafélaginu Ösp árleg fjárframlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins.

1.337.104 kr. *Framlag til barna- og unglingastarfs*

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu miða við nóvember ár hvert, auk 3% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda.

235.960 kr. *Framlag til afreks- og styrktarsjóðs*

Framlaginu skal verja til að styðja almennt við einstaklinga eða hópa innan Íþróttafélagsins Aspar, sem verið hafa til fyrirmyndar. Einnig að veita leiðbeinendum félagsins styrk til að efla þá í starfi. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu miðað við nóvember ár hvert, auk 3% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

Framlag til afreksþjálfunar

Félagið fær úthlutað 5 kortum til notkunar í líkamsræktarstöð sem tryggja á sérhæfða styrktarþjálfun afreksíþróttafólks í Íþróttafélaginu Ösp.

3. grein

Greiðslur

Framlög eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum 1. janúar og 1. júní og skulu greiðslur taka mið að breytingum á launavísitölu, sbr. 2. grein. Hækkun vegna vísitölu kemur til greiðslu 1. júní. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins auk árshlutauppgjörs Íþróttafélagsins Aspar þegar þau liggja fyrir.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárframlögum skv. 2. grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er á um greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér tvær vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísa greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til 3ja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

4. grein

Samskipti samningsaðila

Stjórn Íþróttafélagsins Aspar tryggir að erindi til Mosfellsbæjar fari um stjórn félagsins. Íþrótt- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd bæjarins varðandi framkvæmd samningsins.

Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við Íþróttafélagið Ösp vegna samningsins. Formaður Íþróttafélagsins Aspar kemur fram fyrir hönd félagsins við Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

5. grein

Ábyrgð stjórnar Aspar og upplýsingaskylda til Mosfellsbæjar

Stjórn Íþróttafélagsins Aspar ber ábyrgð á rekstri og fjármálastjórn félagsins og tryggir að bókhald sé reglulega og réttilega fært. Í áætlunum fyrir næsta ár skal aðgreina rekstur unglíngastarfs frá öðrum rekstri og þurfa áætlanir að liggja fyrir 1. nóvember.

Stjórn Íþróttafélagsins Aspar skuldbindur sig til að leggja fram gögn til Mosfellsbæjar um fjárhagsleg málefni félagsins varðandi starfsemi félagsins í Mosfellsbæ svo og fjölda, aldur og kyn barna- og unglínga þegar eftir því er leitað og innan tímamarka. Gögnin verða hluti upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjárfunum sveitarfélagsins er varið.

Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til stjórnar sem annast ráðstöfun greiðslna í samræmi við samninginn

6. grein

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til íþrótt- og tómsbundafélaga, að þau setji sér siðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær og skulu félögin fræða starfsfólk sitt um kynferðislega áreitni/ofbeldi og hvers konar annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda og ábyrgðaraðila. Félögin skulu sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi og aðgerðaráætlun þar sé skýr. Hafi félagið ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert.

7. grein

Endurskoðunarákvæði og gildistími

Samningurinn gildir frá 01.01.2022 til 31.12.24 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Fyrir 1. júní 2024 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2025.

Mosfellsbær xx. Október. 2022

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Íþróttafélagsins Aspar

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Helga Hákonardóttir
formaður